

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í gegnum umsagnargátt Alþingis

Akranesi 10. júní 2025

Efni: Umsögn Starfsgreinasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (víxlverkun örorkulífeyrisgreiðslna), 430. mál

Almennar athugasemdir

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) hefur tekið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er varðar víxlverkun örorkulífeyrisgreiðslna. SGS leggur ríka áherslu á að frumvarpið í núverandi mynd, án jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða, er óásættanlegt fyrir félagsmenn okkar. Það er brýnt að stjórnvöld átti sig á því að með þessu frumvarpi er verulega vegið að réttindum þeirra sem höllustum fæti standa í lífeyriskerfinu, einkum verka- og láglaunafólks sem þegar býr við mikla örorkutíðni í sínum sjóðum. SGS ítrekar að lausn á víxlverkunarvandanum hafi árum saman setið á hakanum, þrátt fyrir ítrekuð loforð um úrbætur. Að nú eigi að láta bráðabirgðaákvæði renna út án þess að tryggja jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða er mjög alvarlegt mál sem kallar á tafarlaus viðbrögð.

Jöfnun örorkubyrði – nauðsynleg réttlætiskrafa

Það er afar mikilvægt að framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða verði áfram tryggt og að það dugi til að jafna stöðu lífeyrissjóða verkafólks upp í meðaltal annarra sjóða – eins og ætíð hefur verið talað um. Því miður hefur framlagið ekki dugað undanfarin ár og samkvæmt fjármálaáætlun stjórnvalda stendur til að það hverfi alfarið um næstu áramót. Það er óásættanlegt að stjórnvöld ætli að afnema þetta mikilvæga úrræði án þess að tryggja að lífeyrissjóðir verkafólks sitji ekki eftir með ósanngjarna byrði. Slík afstaða væri bæði ósanngjörn og óforsvaranleg.

Það liggur fyrir að núverandi framlag til jöfnunar á örorkubyrði dugar ekki til að jafna stöðuna við meðaltal annarra sjóða. Sem dæmi hefur Festa lífeyrissjóður bent á að framlagið þyrfti nú þegar að hækka um 68% til að sjóðurinn geti staðið undir jöfnun við meðaltal annarra sjóða. Þetta sýnir svart á hvítu að framlagið hefur verið of lágt um árábil og að viðvarandi misræmi hefur grafið undan réttindum sjóðfélaga í þeim sjóðum sem bera þyngstu örorkubyrðina.

Ábyrgð stjórnvalda á örorku í lífeyriskerfinu

Að sjálfsögðu er ekkert við það að athuga að örorkulífeyrisþegar fái mannsæmandi lífeyri. En þegar lífeyrissjóðir eru skyldaðir til að greiða meira í örorkulífeyri án þess að tryggt sé viðbótarframlag til jöfnunar á örorkubyrði, þá bitnar sú byrði á öðrum sjóðsfélögum – á vinnandi fólki sem hefur árum saman greitt iðgjöld til að tryggja sín réttindi. Þetta er einfaldlega ósanngjarnt og brýtur gegn þeirri grundvallarhugmynd að lífeyriskerfið eigi að vera sjálfbært, þar sem ábyrgð stjórnvalda og vinnumarkaðarins eigi að vera í jafnvægi.

Skortur á samráði við SGS

SGS harmar að ekkert samráð var haft við sambandið við undirbúning þessa frumvarps, þrátt fyrir að fáir hafi meiri hagsmuna að gæta í þessum eignum en félagsmenn aðildarfélaga SGS. Slíkt samráðsleysi er ekki til eftirbreytni og vinnur gegn því trausti sem nauðsynlegt er að byggja upp á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Ef stjórnvöld standa ekki við ábyrgð sína

SGS telur brýnt að stjórnvöld tryggi áframhaldandi framlag til jöfnunar á örorkubyrði þannig að það dugi til raunverulegrar jöfnunar, í samræmi við meðaltal annarra sjóða. Verði það ekki gert blasir einfaldlega við sú staða að stjórnvöld verði að taka alfarið að sér þann hluta lífeyriskerfisins sem snýr að örorku. Það er ranglátt að velta þessum kostnaði yfir á lífeyrissjóði verkafólks sem nú þegar bera þyngstu örorkubyrðina.

Niðurstaða

SGS leggur áherslu á að stjórnvöld tryggi áframhaldandi framlag til jöfnunar á örorkubyrði svo lífeyrissjóðir verkafólks þurfi ekki að bera ósanngjarna byrði vegna ólíkrar örorkutíðni. Frumvarpið þarf að endurskoða í þessu ljósi.

Einnig þarf að leysa víxlverkunarvandann þannig að réttindi örorkulífeyrisþega skerðist ekki og að lífeyrissjóðir geti staðið undir skuldbindingum sínum gagnvart sjóðfélögum. Það blasir við að koma mun til skerðinga á lífeyri einfaldlega vegna þess að t.d. Festa lífeyrissjóður hefur látið reikna út að kostnaður sjóðsins við þessa breytingu muni auka útgjöld sjóðsins vegna greiðslna á örorku um 12%.

SGS leggur áherslu á að stjórnvöld sýni ábyrgð og vinni með aðilum vinnumarkaðarins að sanngjarnri og varanlegri lausn á þessum mikilvægu málum.

Virðingarfyllst,
Vilhjálmur Birgisson
formaður SGS